

Neyðarlínan ohf
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Hellu 8. febrúar 2017
UST201702-006/H.Á.
09.07.01

Efni: Dyrhólaey - fjarskiptamannvirki

Vísað er til erindis Neyðarlínunnar ohf., 112, dags. 23. janúar 2017 þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til að byggja hús og reisa mastur við hlið hússins við bakhlið fjárhússins á Háey í friðlandinu Dyrhólaey.

Friðlandið Dyrhólaey er friðlýst sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 101/1978. Mannvirkjagerð og jarðrask er heimilt án leyfis Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Samkvæmt erindinu áformar Neyðarlínan ohf. að setja upp neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi Tetra í Dyrhólaey og stuðla þannig að þéttingu farsímaþjónustu. Verkefnið er unnið í samvinnu við almannavarnir, björgunarsveitir, lögreglu og aðra viðbragðsaðila á landinu. Markmiðið með verkefninu er að allir bæir og ferðamannastaðir séu með farsímasamband til að unnt sé að rýma svæðið ef til kemur, en einnig til að fjarskipti viðbragðsaðila gangi vel fyrir sig og þeir sem þurfa geti hringt eftir aðstoð.

Framkvæmdin miðar að því að setja niður hús við bakhlið útihússins á Háey, sem verður 2,6 x 2,2 metrar að flatarmáli og um 2 metrar á hæð. Einnig verður reist 12 metra hátt mastur við hlið hússins þar sem koma á fyrir loftnetum fjarskiptafélaga ásamt því að möguleiki verður á að setja upp löggæslumyndavélar. Tekið verður tillit til umhverfisins eins og kostur er svo fjarskiptaaðstaðan verði sem minnst áberandi.

Í vettvangsferð í Dyrhólaey 19. febrúar sl. þar sem starfsmenn frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Neyðarlínunni áttu fund, var einnig ræddur sá möguleiki að aðstaða fyrir fjarskiptabúnaðinn væri gerður inni í efri hluta útihússins.

Áhrifamat:

Mannvirkið sem áætlað er að reisa mun hafa töluverð sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun leggur til að aðstaða fyrir fjarskiptabúnað verði inni í umræddu útihúsi til að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkisins sem mest.

Að mati Umhverfisstofnunar er framkvæmdin sem lýst er hér að ofan ekki líkleg til að skerða verndargildi friðlandsins eða valda óafturkræfum breytingum á svæðinu enda hægt að fjarlægja búnaðinn ef þörf krefur. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að styrkja farsímasamband, sem og að bæta fjarskipti viðbragðsaðila á svæðinu. Einnig telur stofnunin að öryggismyndavélar muni bæta öryggi gesta á svæðinu og almennt eftirlit í friðlandinu Dyrhólaey.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum við bygginu aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað á Háey ásamt því að reisa 12 metra hátt mastur við bakhlíð hússins að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Að öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algjöru lámarki.
- Að vandað verði til verka við frágang eftir að verki lýkur.
- Að nánari útfærsla á aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað á Háey verði gerð í samráði við Umhverfisstofnun.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun þegar framkvæmdir hefjast.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun um frávik á ofangreindri verkefnalýsingu.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar þegar verkefni er lokið.
- Að fjarskiptamastur sem er núna staðsett á Háey verði fjarlægð þegar nýtt mastur verður tekið í notkun.

Tilmæli

Umhverfisstofnun vekur athygli umsækjanda á því að afla annarra tilskilinna leyfa áður en framkvæmdir hefjast, s.s. landeiganda, þ.á.m. Vegagerðarinnar sem er eigandi útihúsnæðisins og svæðis í kringum það.

Leyfisgjald


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. auglýsingar og reglugerðir um friðlýst svæði sbr. 2. mgr. 40. gr. í lögum um nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur.


Eftirlit

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmdunum.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun þessi er kæránleg til umhverfis- og auðlindaráðherra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnarsýslustigi. Kæru rétt eiga þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun og náttúru- og umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök sem varnarþing eiga á Íslandi, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kærán lýtur að, sbr. 2. mgr. 91. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri


Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur